

# Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Haldinn rafrænt föstudaginn 6. nóvember 2020 kl. 11:00 í gegnum Teams

Sandra Brá Jóhannsdóttir, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Jón Páll Hreinsson myndi stýra fundi. Var það samþykkt. Ingibjörg Hinriksdóttir skráði niður eftirfarandi fundargerð.

Á fundinn voru mættir 15 fulltrúar sveitarfélaga og að auki Ragnar Ásmundsson frá Orkusjóði sem hélt erindi á fundinum.

## Skýrsla stjórnar

Sandra flutti skýrslu stjórnar. Síðasti ársfundur samtakanna var haldinn þann 3. október 2019. Í stjórn samtakanna voru kjörin Sandra Brá Jóhannsdóttir Skaftárhreppi, Björg Ágústsdóttir Grundarfjarðabæ og Jón Páll Hreinsson Bolungarvíkurkaupstað. Í varastjórn voru kjörin Kristján Sturluson Dalabyggð, Aðalheiður Borgþórsdóttir Seyðisfjarðarkaupstað og Rebekka Hilmarsdóttir Vesturbyggð. Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar í kjölfar aðalfundar og var Sandra Brá endurkjörin formaður samtakanna. Með stjórninni hefur starfað Ingibjörg Hinriksdóttir starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Haldnir hafa verið fimm stjórnarfundir frá síðasta ársfundi. Stjórn hefur lagt áherslu á að afla gagna sem nýtast munu til að skerpa áherslur samtakanna og áframhaldandi stefnumótun sem innlegg í langtíma Orkustefnu fyrir Ísland. Undanfarin ár hefur stjórn lagt mestan þunga í að berjast fyrir jöfnun húshitunarkostnaðar með framlagi úr ríkissjóði en lítið svigrúm virðist hins vegar vera til frekari jöfnunar í núverandi kerfi. Það liggur því fyrir að við þurfum að fara að leita annarra leiða gagnvart ríkisvaldinu þar sem úrræðaleysis gætir af þeirra hálfu.

## Jarðhiti

Jarðhiti hefur löngum verið talin lausn allra vandamála sveitarfélaga á köldum svæðum og miklu fjármagni og tíma verið varið í jarðhitaleit sem skilað hefur misjöfnum árangri. Það er hins vegar ljóst að það er ekki endilega ein lausn sem hentar öllum sveitarfélögum sem búa við köld svæði. Á sumum svæðum verður aldrei hagkvæmt að leggja hitaveitu þrátt fyrir að heitt vatn finnist og því mikilvægt að þar sé hugað að öðrum kostum til orkuöflunar og þá hvaða kostir væru hagkvæmastir. Í stað þess að hvert sveitarfélag sé að leita lausna væri gagnlegt að hafa yfirlit yfir hvaða kostir eru í stöðunni og hvaða kostur er hagkvæmur við ákveðnar aðstæður. Til þess þarf að kortleggja aðstæður sveitarfélaga á köldum svæðum og greina hvað hefur þegar verið gert á hverjum stað.

Stjórn hefur verið einhuga um mikilvægi þess að leggja fram tillögur að aðgerðum og lausnum í stað þess að kalla eftir þeim frá ríkisvaldinu. Til að tillögurnar séu stefnumiðaðar en um leið raunhæfar þarf að ráðast í greiningarvinnu. Nú þegar er mikið til af gögnum um orkunotkun, jarðhitaleit og ýmiskonar tæknilausnir sem þróast á ógnarhraða sem mikilvægt er að ná utan um. Stjórnin leitaði eftir samvinnu við Orkustofnun og Orkusetur sem tóku vel í að vinna þetta verkefni með okkur og koma að mótun aðgerða. Vinnan er farin af stað og gagnaöflun langt komin. Stefnt er að því að komin verði mynd á tillögur og aðgerðir í byrjun árs en vinnunni verði endanlega lokið á vormánuðum 2021.

## Langtíma Orkustefna fyrir Ísland

Enn hefur ekkert spurst til langtíma Orkustefnu fyrir Ísland sem leggja átti fram í byrjun þessa árs. Formaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum var tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem fulltrúi í minni starfshóp sem átti að halda á lofti hagsmunum okkar. Það er skemmst frá því að segja að starfshópurinn hefur aldrei verið kallaður saman. Mikilvægt er að tillögur samtakanna verði fullbúnar sem fyrst svo þær nýtist sem upplegg í langtíma Orkustefnu Íslands.

Að lækka kostnað vegna húshitunar telst byggðamál þar sem íbúar á köldum svæðum búa ekki við þau gæði að geta nýtt jarðhita og þar af leiðandi er gæðum misskipt. Það hefur því verið í okkar höndum að leita leiða til að gera köld svæði samkeppnishæf hvað varðar atvinnulíf og búsetu. Við viljum tryggja að íbúar okkar sveitarfélaga búi við sömu kjör og annars staðar á landinu þegar kemur að húshitun. Það er ekki nokkur vafi á því að ef öll sveitarfélög á köldum svæðum myndu taka sig saman og finna leiðir til að draga verulega úr orkunotkun til húshitunar myndi það koma sér vel fyrir landið í heild sinni. Á mörgum svæðum er staðan nefnilega sú að það er ekki næg raforka fyrir hendi fyrir nýja starfsemi. Ríkisvaldið þarf því að viðurkenna og horfast í augu við þá staðreynd að það er hagsmunamál landsins alls að minnka orkunotkun á köldum svæðum. Hvaða leiðir sem verða fyrir valinu tel ég það vera eitt helsta baráttumál okkar að fá ríkið í lið með okkur að veita fjármagni úr ríkissjóði í aðgerðir til að minnka orkuþörf til húshitunar. Við munum hins vegar koma með tillögur að þeim aðgerðum.

Engin úrsögn hefur orðið í samtökunum á síðasta starfsári en vegna sameiningar Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar í Múlaþing eru nú aðildarsveitarfélög orðin 22.

Stjórn þakkar fyrir ánægjulegt starfsár með von um frekari fækkun aðildarfélaga á næsta starfsári. Í lokin langar mig að þakka fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt að fá tækifæri til sitja í stjórn samtakanna og óska nýrri stjórn velfarnaðar.

## Ársreikningar og tillaga um árgjöld

Björg Ágústsdóttir kynnti ársreikning SSKS fyrir árið 2019. Afkoma samtakanna er góð, tekjur voru 720.000 en gjöld ársins 130.296. Afkoma ársins var því 596.594 kr. Eiginfjár staða SSKS er sterk en eigið fé og skuldir í árslok 2019 voru 5.643.020 krónur.

Björg lagði til að árgjöld 2021 falli niður í ljósi þess hversu góð fjárhagsleg staða samtakanna er.

Jón Páll bar því næst upp skýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt mótatkvæðalaust

Þá bar hann upp ársreikning ársins 2019 og var hann samþykktur.

Loks bar hann upp tillögu stjórnar um að fella niður árgjald ársins 2021 og var það samþykkt samhljóða

## Erindi frá Orkusjóði

Ragnar Ásmundsson verkefnisstjóri Orkusjóðs flutti erindi um starfsemi sjóðsins. Sagði hann m.a. frá því að nú væri ekki eingöngu verið að ræða um jarðhita þegar kemur að starfsemi dreifiveitna. Árangur borana eftir heitu vatni gefa til kynna að ekki sé áhættunnar virði að halda slíkum borunum áfram. Nú hefur framboð endurnýjanlegra orkugjafa aukist mjög um heim allan og það er kominn tími til að skoða möguleika á slíku. Nú um stundir fer fram vinna við samantekt á niðurstöðum kannana sem fóru fram fyrir 20 árum og sneru þá fyrst og síðast um jarðvarma. Það er því kominn tími til að snúa af þeirri braut og finna aðrar leiðir.

Ragnar sagði að svonefnd Rauða skýrsla, *Yfirlit yfir niðurstöður samanburðaáætlana um hitun húsa með óniðurgreiddri raforku og jarðhita*, sem skrifuð var árið 2000 sé barn síns tíma. Í dag er verið að vinna að uppfærslu á skýrslunni og jafnframt reynt að leita annarra leiða en þeirra sem þar voru dregnar fram sem sneru nær eingöngu að jarðvarma. Meðal annars er nú verið að skoða kostnað við dreifiveiturnar og þá kemur í hlutverk sveitarfélaganna að kanna hvað þau vilja gera við dreifiveiturnar.

Nokkrar umræður urðu á fundinum um erindi Ragnars. Sandra þakkaði honum fyrir áhugavert innlegg.

## Ályktanir

Jón Páll bar upp ályktun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

*Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 6. nóvember 2020, skorar á ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir því að fjármagni verði veitt í aðgerðir á köldum svæðum sem leiða til orkusparnaðar til hagsbóta fyrir landið allt.*

Þá bar hann upp ályktun fundarins til nýrrar stjórnar

*Ársfundur SSKS, haldinn 6. nóvember 2020, beinir því til stjórnar að beitar sér fyrir því að kortleggja aðstæður aðildarsveitarfélaga á köldum svæðum og skilgreina, á hverju svæði, tækifærin til að lækka orkukostnað til frambúðar s.br. með hitaveitu, jarðhitaleið eða öðrum tæknilausnum.*

Þeirri ályktun fylgdi eftirfarandi greinargerð:

*Það liggur fyrir að það hefur safnast upp sjóður innan SSKS á undanförunum árum sem hægt er að nýta til aukinnar greiningar. Í skýrslu stjórnar segir:*

*„Jarðhiti hefur löngum verið talin lausn allra vandamála sveitarfélaga á köldum svæðum og miklu fjármagni og tíma verið varið í jarðhitaleit sem skilað hefur misjöfnum árangri. Það er hins vegar ljóst að það er ekki endilega ein lausn sem hentar öllum sveitarfélögum sem búa við köld svæði. Á sumum svæðum verður aldrei hagkvæmt að leggja hitaveitu þrátt fyrir að heitt vatn finnist og því mikilvægt að þar sé hugað að öðrum kostum til orkuöflunar og þá hvaða kostir væru hagkvæmastir. Í stað þess að hvert sveitarfélag sé að leita lausna væri gagnlegt að hafa yfirlit yfir hvaða kostir eru í stöðunni og hvaða kostur er hagkvæmur við ákveðnar aðstæður. Til þess þarf að*

*kortleggja aðstæður sveitarfélaga á köldum svæðum og greina hvað hefur þegar verið gert á hverjum stað.“*

*Stjórn óskar eftir stuðningi aðalfundar til að byrja þessa vinnu með því að samþykka ofangreinda bókun.*

Umræður urðu um ályktanirnar, m.a. tóku Rebekka Hilmarsdóttir og Ásgerður K. Gylfadóttir til máls.

Eydís K. Indriðadóttir sveitarstjóri Flóahrepps mæltist til þess að bæta inn í ályktunina þannig að hún tengdist heimsmarkmiðum SP. Sveinn Margeirsson tók undir ábendingu Eydísar – og benti á aukna staðbundin orkunýting (orkuframleiðsla).

Jón Páll lagði til að næsta stjórn fengi ályktanirnar til frekari úrvinnslu og myndi síðan senda til ráðherra í samræmi við þær umræður sem fram fóru á fundinum.

Fundurinn samþykkti það.

### **Kosningar til stjórnar SSKS 2020-2021**

Sandra lagði til að í stjórn yrðu kjörin:

- Björg Ágústsdóttir Grundarfjarðarbæ,
- Björn Ingimarsson Múlaþingi og
- Jón Páll Hreinsson Bolungarvíkurkaupstað.

Til vara:

- Kristján Sturluson Dalabyggð,
- Rebekka Hilmarsdóttir Vesturbyggð og
- Sandra Brá Jóhannsdóttir Skaftárhreppi.

Þá var lögð fram tillaga að skoðunarmönnum reikninga og lagt til að þeir yrðu

- Kristinn Jónasson Snæfellbæ og
- Jóhannes Á. Jóhannesson Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tillögurnar voru allar samþykktar samhljóða.

### **Önnur mál**

Jónas Egilsson Langanesbyggð fjallaði um orkukotnað í dreifbýli og sýndi fundinum gögn þar sem teknar höfðu verið saman kostnaður við rafmagnsgjald í þéttbýli og dreifbýli frá árinu 2005 sem sýndu gríðarlega mikla hækkun. Gögnin sýna fram á mun meiri hækkun í dreifbýli en þéttbýli. Spurði Jónas fundinn hvort þetta væri eðlileg hækkun? Hann lagði til að stjórn SSKS myndi taka mál eins og þetta upp á sínum vettvangi.

Sveinn Margeirsson tók undir með Jónasi og sagði að þarna væri um að ræða kostnað sem væri tæknileg hindrun sem hamla því að svæði í dreifbýli þróist. Nefndi hann úrgangsmál, lífrænan úrgang, slátrunarkostnað og fleira.

Sandra Brá þakkaði Jónasi fyrir sitt innlegg og sagði að ekki hafi verið fjallað sérstaklega um þessi mál í stjórninni sl. 2 ár en hins vegar hafi þetta verið til umfjöllunar innan OS undir forystu Benedikts Guðmundssonar. Sá starfshópur hefur ekki lokið störfum og svo virðist sem það náist ekki ein gjaldskrá fyrir allt landið. Tók hún undir með Jónasi og Sveini að það þyrfti eina gjaldskrá fyrir landið allt. Það er óeðlilegt að orka sem framleidd er á landsbyggðinni sé flutt til Reykjavíkur og síðan þarf dreifbýlið að kaupa hana aftur þaðan dýru verði.

Björn Ingimarsson þakkaði Jónasi fyrir að taka málið upp og framsetningu hans á þessu. Björn segir að stjórnámálmennt komi sér hjá því að taka málið upp. Hvatti hann SSKS til að taka málið upp á sínum vettvangi.

Jónas Egilsson þakkaði fyrir góðar undirtektir við erindi sínu. Hann telur að um sé að ræða tæknilegar hindranir og að það þurfi pólitískar ákvarðir til að ryðja þeim úr vegi.

Ragnar Ásmundsson sagði frá því að niðurgreiðslum hafi verið beitt á dreifingu orku. Bætt orkunýting er betra orðalag en orkusparnaður. Öll byggðalög eiga að hafa jafnan aðgang að orku.

Það hefur aldrei reynt á það að SSKS hafi sent inn tillögu um að óska eftir einu verði til allra aðildarsveitarfélaga innan SSKS.

Jón Páll lagði til að umræðum um erindi Jónasar verði vísað til stjórnar. Var það samþykkt.

Jón Páll óskaði eftir heimild fundarins að fundarritari og fundarstjóri afgreiði fundargerð fundarins. Var það samþykkt.

Sandra Brá Jóhannsdóttir fráfarandi formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og fundarmönnum fyrir góða fundarsetu. Hún sagðist kveðja sl. tvö ár uppfull af fróðleik og þakklæti fyrir að hafa fengið að taka þátt í þessu verkefni.

Fleira var ekki gert og var fundi lokið kl. 12:45